



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um LED-væðingu götulýsingar - Tilvísun í mál R19070049.

Á fundi borgarráðs 4. júlí 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um LED-væðingu götulýsingar:

"Reykjavíkurborg hyggst ráðast í 440 milljóna króna framkvæmdir við LED-væðingu götulýsingar á árinu 2019. LED-væðingin er næst stærsti kostnaðarliðurinn í umhverfis- og aðgengismálum borgarinnar á eftir göngu- og hjólastígum. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru nærri 30.000 götuljós í borginni en þar af hafa rúmlega 3.000 lampar verið endurnýjaðir. Það er því fyrirséð að framundan er töluverð vinna og kostnaður við LED-væðingu götuljósa borgarinnar. Hve langan tíma er áætlað að LED-væðing allra götuljósa borgarinnar muni taka? Hver er áætlaður heildarkostnaður við LED-væðingu, sundurliðaður eftir árum? Með hvaða hætti hefur verið og verður staðið að kaupum á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum vegna LED-væðingar? Er fyrirhugað að ráðast í útboð vegna kaupa á vörum, þjónustu og verkreglum framkvæmdum vegna LED-væðingar? Hvaða aðilar sjá í dag um rekstur götulýsingar fyrir Reykjavíkurborg, þ.e. orku, viðhald og endurnýjun?"

Svör umhverfis- og skipulagssviðs:

- Hve langan tíma er áætlað að LED-væðing allra götuljósa borgarinnar muni taka ?
Vinna við undirbúning vegna LED-væðingar götu-, stíga- og umhverfislýsingar í Reykjavík hófst árið 2017. Áætlað er að framkvæmdum við endurnýjun ljóskerja í Reykjavík verði lokið 2025.

- Hver er áætlaður heildarkostnaður við LED-væðingu, sundurliðaður eftir árum ?
Heildarkostnaður við LED-væðingu götu-, stíga- og umhverfislýsingar í Reykjavík er áætlaður um 3640 mkr. sem sundurliðast þannig eftir árum:

2017:	122 mkr.
2018:	118 mkr.
2019:	300 mkr. (skv. fjárhagsáætlun 2019)
2020:	300 mkr. (skv. frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020)
2021 - 2025:	2800 mkr. (skv. frumkostnaðaráætlun)

- Með hvaða hætti hefur verið og verður staðið að kaupum á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum vegna LED-væðingar ?

Lampar til endurnýjunar/viðhalds eru keyptir á grundvelli rammasamningsútboðs Reykjavíkurborgar nr. 14156 sem samþykkt var í innkauparáði 27. apríl 2018:

"Rammasamningur um LED lampa fyrir götu- og stígalýsingu."

Framkvæmdir eru á höndum Veitna/ON á grundvelli þjónustusamnings Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um rekstur og viðhald götulýsingar í Reykjavík, dags. 17. desember 2010.

- Er fyrirhugað að ráðast í útboð vegna kaupa á vörum, þjónustu og verkreglum framkvæmdum vegna LED-væðingar ?

Kaup á ráðgjöf fara fram á grundvelli innkaupareglna Reykjavíkurborgar og væntanlegs innkaupakerfis um þjónustu sérfræðinga í tilteknum skipulags-, byggingar-, samgöngu-, umhverfis- og veitumálum fyrir Reykjavíkurborg, EES útboð nr. 14344.

Að öðru leiti er vísað í svar við fyrri spurningu.

- Hvaða aðilar sjá í dag um rekstur götulýsingar fyrir Reykjavíkurborg, þ.e. orku, viðhald og endurnýjun ?

Rekstur og viðhald götulýsingar er á höndum Veitna/ON á grundvelli þjónustusamnings Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um rekstur og viðhald götulýsingar í Reykjavík, dags. 17. desember 2010.

Raforka til götulýsingar er keypt af Orku Náttúrunnar (ON) á grundvelli 13. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds